

Náttúrugrið  
Sif Konráðsdóttir  
Bergþórugötu 17  
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. ágúst 2023  
Tilvísun: 202308029 / 5.0

## Efni: Beiðni um endurupptöku umhverfismats þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum

Vísað er til erindis samtakanna Náttúrugriða frá 15. ágúst sl. þar sem þau óska eftir því að Skipulagsstofnun taki ákvörðun um að endurupptaka mál um umhverfismat þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum, sem stofnunin lauk álit á þann 13. júlí 2023, og vísi frá umhverfismatskýrslu Rangárþings ytra frá mars 2023 og ljúki málmeðferð umhverfismats að því er varðar þau atriði sem ekki uppfylla ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 111/2021 um að umhverfismatskýrsla sé í samræmi við matsáætlun og álit Skipulagsstofnunar skv. 21. gr. laganna.

Í endurupptökubeiðninni er til stuðnings henni vísað til ákvæða í lögum nr. 111/2021 er gera umhverfismat raunhæfra valkosta að lagaskyldu, ólögfesta reglna stjórnisýsluréttarins og málsmeðferðarreglna umhverfisréttarins, svo sem þær verða skýrðar með hliðsjón af tilgangi laga laga nr. 111/2021, evróputilskipununum sem þau eru innleiðing á, dómaframkvæmd um tilskipanirnar og Árósasamningsins. Þá er vísað til stjórnisýsluframkvæmdar, sbr. tilmæli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til Skipulagsstofnunar í bréfi, dags. 26. maí 2016, í máli ráðuneytisins nr. UMH15090073/06-0 um endurskoðun ákvörðunar um að endurupptaka ekki umhverfismat vegna verulegra annmarka á málsmeðferð og frummatsskýrslu. Einnig er vísað til dómafordæmis Hæstaréttar frá 16. febrúar 2017 í máli nr. 575/2016 sem ógilti framkvæmdaleyfi sem byggði ekki á valkostamati í umhverfismati.

### Afstaða Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun bendir á að álit stofnunarinnar samkvæmt 24. gr. laga nr. 111/2021 er ekki stjórnvaldsákvörðun og því gilda reglur reglur 24. og 25. gr. stjórnisýslulaga ekki um endurupptöku og afturköllun á álitinu.

Þá bendir Skipulagsstofnun á að samkvæmt almennum reglum stjórnisýsluréttar er aðili máls sá sem hefur lögvarinna, verulegra og sérstakra hagsmuna að gæta af úrlausn máls. Þetta gildir ekki aðeins um endurupptöku máls á grundvelli stjórnisýslulaga heldur einnig á grundvelli ólögfesta reglna stjórnisýsluréttar um endurupptöku. Náttúrugrið hefur, að mati Skipulagsstofnunar, ekki þessara hagsmuna að gæta og getur því ekki óskað eftir endurupptöku á álitu um umhverfismat þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum á grundvelli almennra reglna stjórnisýsluréttar um endurupptöku. Árósasamningurinn breytir engu í því sambandi. Að mati stofnunarinnar þarf atbeina löggjafans, Alþingis, til að veita umhverfisverndarsamtökum á borð við Náttúrugrið stöðu aðila máls.


Vegna tilvísunar Náttúrugriða í bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá 26. maí 2016, sem laut að umhverfismati Blöndulínu 3, bendir Skipulagsstofnun á að stofnunin fékk beiðni um endurupptöku umhverfismatsins frá þinglýstum eiganda lands, sem línan myndi fara yfir. Sá einstaklingur hafði lögvarinna, sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta og taldist því aðili máls í skilningi stjórnsluréttar. Af þeirri ástæðu tók Skipulagsstofnun beiðnina til efnismeðferðar. Út frá þessu eru Blöndulínumálið og Landmannalaugarmálið ekki sambærileg.

Með vísan til þess sem er rakið hér að framan er það ákvörðun Skipulagsstofnunar að vísa frá beiðni Náttúrugriða um endurupptöku á álitni stofnunarinnar frá 13. júlí 2023 um mat á umhverfisáhrifum þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum.

Í ljósi þess hvernig niðurlag bréfs Náttúrugriða er úr garði gert þá tekur Skipulagsstofnun almennt fram að skilyrði um mótvægisáðgerðir eða vöktun, sem koma fram í álitni stofnunarinnar, eru bindandi fyrir leyfisveitendur, sbr. 3. mgr. 27. gr. laga nr. 111/2021. Atriðið, sem varðar viðhorfskönnun meðal ferðamanna og ferðaþjónustuaðila, og vikið er að í álitni stofnunarinnar felur ekki í sér skilyrði heldur ábendingu/tilmæli. Hins vegar telur stofnunin það til bóta að þessi könnun verði framkvæmd áður en leyfi til framkvæmdarinnar verður gefið út.

Skipulagsstofnun vekur athygli á því að ef leyfi til framkvæmdarinnar verður veitt og það kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þá mun nefndin taka afstöðu til þess hvort annmarkar séu á umhverfismatinu eður ei.

  
Ottó Björgvin Óskarsson

  
Egill Þórarinnsson

Afrit:

Rangárþing ytra